

251. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, föstudaginn 20. júní 2008, klukkan 7.30.

Mættir eru:

Páll Hilmarsson, Guðfinna Guðmundsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Kristján Sveinbjörnsson, Þór Sigurgeirsson og Ómar Stefánsson.
Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Ragna I. Halldórsdóttir deildarstjóri gæða- og þjónustusviðs og Sigríður B. Einarisdóttir skrifstofustjóri.
Gestur fundarins er Ögmundur Einarsson formaður verkefnisstjórnar svæðisáætlunar.

Tekið fyrir:

1. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Ögmundur Einarsson formaður verkefnisstjórnar svæðisáætlunar kynnrir stöðu á vinnu verkefnisstjórnar.
Minnisblað verkefnisstjórnar kynnt og rætt.

2. Breyting á gjaldskrá.

Stjórn samþykkir eftirfarandi tillögu framkvæmdastjóra á breytingu Endurgjalds vörunúmers 397.

397 Filmuplast, glært óáprentað án aðskotahluta.

	Var með vsk.	Verður með vsk.
0 - 125 kg á mánuði	0	0
126 - 250 „ „	- 10.58	- 25.58
251 - 375 „ „	- 12.45	- 27.45
376 og yfir „ „	- 14.94	- 29.94
Baggað filmuplast > 500 kg/baggar í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt sérstöku samkomulagi.	- 18.68	- 33.68

Stjórn felur framkvæmdastjóra að skoða grenndargámakerfið með tæknimönnum sveitarfélaganna.

3. Verktakasamningar/Olíuverðshækkanir.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnrir minnisblað til stjórnar, dagsett 16. júní 2008 varðandi áhrif almenns efnahagsástands í samfélaginu, verðbreytingar og hækkana á eldsneyti á starfssemi SORPU bs.
Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra í framlögðu minnisblaði um verðbætur og bætur á gengistryggða þætti verksamninga.

4. Önnur mál.

- a) Framkvæmdastjóri kynnir ráðningu nýs deildarstjóra þróunar- og tæknideildar, Bjarna Gnýs Hjarðar verkfræðings.
- b) Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður rekstrar og áætlunar janúar – apríl 2008.
- c) Framkvæmdastjóri kynnir stöðu framkvæmda á endurvinnslustöðvum.
- d) Framkvæmdastjóri kynnir bréf frá Samkeppniseftirliti, dagsett 27. maí 2008 og svar SORPU bs við því, dagsett 16. júní 2008. Bréfin varða sölu hlutar SORPU bs í Efnamóttökunni hf.
- e) Stjórnarmönnum afhentur bæklingurinn Vistvitinn og Skref fyrir Skref.
- f) Þar sem þetta er síðasti fundur núverandi stjórnar þakkar framkvæmdastjóri gott samstarf og samvinnu. Stjórn þakkar starfsmönnum og samstjórnendum samstarfið.

Næsti fundur verður mánudaginn 25. ágúst 2008 klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundarritari: Sigríður B. Einarsdóttir.

Páll Hilmarsson
Ómar Stefánsson
Guðfinna Guðmundsdóttir
Kristján Sveinbjörnsson
Ragna I. Halldórsdóttir

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Þór Sigurgeirsson
Herdís Sigurjónsdóttir
Björn H. Halldórsson